

Tillaga
Afgreiðsla

A 1965/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um þingmannatillögu um aukið samstarf milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (A 1965/PRE)

Forsætisnefnd leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að efla samstarf sitt og samskipti við ríkisstjórnir Eystrasaltslanda í þeim tilgangi að efla efnahag, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt landanna.

Forsætisnefnd leggur einnig til að Norðurlandaráð taki þá ákvörðun (um innri málefni)

að efla samstarf sitt og samskipti við Eystrasaltsþingið í þeim tilgangi að efla efnahag, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt landanna.

Bakgrunnur

Flokkahópur hægrimanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að efla samstarf sitt og samskipti við ríkisstjórnir Eystrasaltslanda í þeim tilgangi að efla efnahag, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt landanna.

að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til

Norðurlandaráðs að það haldi áfram efla samstarf sitt og samskipti við Eystrasaltsþingið í þeim tilgangi að efla efnahag, frelsi og sjálfsákvörðunarrétt landanna.

Tengill á þingmannatillöguna í held sinni:

<https://www.norden.org/is/case/thingmannatillaga-um-aukid-samstarf-milli-nordurlanda-og-eystrasaltsrikjanna>

Sjónarmið forsætisnefndar

Samstarfið milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna er afar mikilvægt. Í nýrri alþjóðastefnu Norðurlandaráðs (samþykkt í mars 2023) er einnig tekið fram að



Eystrasaltsþingið sé meðal mikilvægustu samstarfsstofnana Norðurlandaráðs og er samstarfið orðið enn nánara vegna spennunnar sem upp er komin í öryggismálum í Evrópu og heiminum. Bæði nefndirnar og forsætisnefnd eiga í viðamiklu samstarfi við Eystrasaltsþingið. Eystrasaltsríkin búa yfir sérstakri þekkingu sem „brúarsmiðir“ milli austurs og vesturs og stuðningur við Úkraínu er mikilvægur þáttur í þessu samstarfi. Forsætisnefnd styður tilmælin einróma.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Annette Lind (S)

Heléne Björklund (S)

Kim Berg (sd), Finnlandi

Stein Erik Lauvås (A)

Anna Starbrink (L)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)

Helge Orten (H)

Maria Stockhaus (M)

Kathy Lie (SV)

Lorena Delgado Varas (V)

Juho Eerola (saf)